

# Þjónusta Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg á árinu 2016

Guðlaug Hrönn Pétursdóttir

## Útdráttur

Á árinu 2016 voru alls 469 atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg í þjónustu Vinnumálastofnunar (VMST). Nýjar tilvísanir á árinu voru 344 talsins en 125 einstaklingum sem hafði verið vísað á árinu 2015 og ekki höfðu fengið starf héldu áfram í atvinnuleit á árinu 2016. Alls var 132 einstaklingum vísað aftur til sinnar þjónustumiðstöðvar vegna þess að viðkomandi reyndist ekki vinnufær, mætti ekki í viðtöl eða námskeið, flutti úr sveitarfélaginu eða hætti á fjárhagsaðstoð af öðrum ástæðum.

Það voru því 337 atvinnuleitendur sem gátu nýtt sér þjónustu VMST að fullu. Úr þeim hópi fóru 236 í starf og fjórir fóru í nám, samtals 240 einstaklingar eða 71%. Gerðir voru 29 starfsþjálfunarsamningar vegna starfa á almennum vinnumarkaði og þrír fóru í starf hjá borginni með milligöngu Atvinnumáladeildar Reykjavíkurborgar (AMD) í byrjun ársins áður en það úrræði var lagt niður. Alls fór 201 einstaklingur í starf á almennan vinnumarkað án styrks til atvinnurekanda. Að meðaltali tók það einstakling sem vísað var í þjónustu á árinu 2016, 105 daga að fá starf.

## Inngangur

Á árinu 2016 voru 469 atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð í Reykjavík í þjónustu Vinnumálastofnunar samanborið við 583 árið 2015. Það er því um 20% fækkun milli ára. Samsetning hópsins var svipuð milli ára hvað kyn og aldurdreifingu varðar en fjölgun var í hópi útlanda atvinnuleitenda og munar þar mest um fjölgun flóttamanna í atvinnuleit sem vísað var í þjónustu VMST. Það eru fleiri atvinnuleitendur sem þurfa túlk en árið áður og má segja að heilt yfir hafi þeir sem komu í þjónustu árið 2016 þurft meiri aðstoð og stuðning en árið áður.

## Fjöldi, þjónusta og úrræði


Í töflu hér til hliðar má sjá fjölda einstaklinga í þjónustu á árunum 2015 og 2016 og hvernig þeir skiptust eftir þjónustumiðstöðvum í Reykjavík.

### FJÖLDI ATVINNULEITENDA SKIPT EFTIR HVERFUM

Fjöldi í þjónustu	2015	2016
Árbær og Grafarholt	80	68
Breiðholt	129	98
Grafarvogur og Kjalarnes	49	58
Laugardalur og Háaleiti	163	106
Miðborg og Hlíðar	106	108
Vesturgarður	56	31
<b>Samtals:</b>	<b>583</b>	<b>469</b>

## Aldurs- og kynjaskipting

Hlutfall karla í þjónustu var 75% (353 einstaklingar) og kvenna 25% (116 einstaklingar). Þess má geta að hlutfall karla á atvinnuleysissskrá sem fá greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði var 47% í desember 2016 og kvenna 53%.



Aldursdreifing einstaklinga á fjárhagsaðstoð var með þeim hætti að flestir voru á aldrinum 21 til 30 ára (33%) og 31 til 40 ára (31%) en sú dreifing er mjög svipuð og hjá þeim atvinnuleitendum sem eru með greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Á myndinni má sjá aldersdreifingu einstaklinga sem voru í þjónustu Vinnumálastofnunar á árinu 2016.

## Skipting eftir ríkisfangi

Íslenskir atvinnuleitendur á fjárhagsaðstoð voru 68% (318 einstaklingar) þeirra sem fengu þjónustu VMST á árinu 2016. Með pólskt ríkisfang voru 6% (28 einstaklingar). Með annað ríkisfang var 26% atvinnuleitenda (123 einstaklingar). Undir annað flokkast atvinnuleitendur frá yfir 30 ríkjum og fjölgar mest hælisleitendum sem höfðu fengið stöðu flóttamanns en alls var hlutfall flóttamanna í þjónustu Vinnumálastofnunar árið 2016, 17% en var 4% árið 2015. Flestir flóttamanna í þjónustu VMST komu frá Sírylandi eða 30 talsins.


## Einstaklingum vísað til baka til þjónustumiðstöðvar

Eins og áður sagði voru 469 einstaklingar í þjónustu á árinu frá sex þjónustumiðstöðvum borgarinnar. Alls hættu 132 einstaklingar í þjónustu á árinu eða var vísað til baka til viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

Ástæður þess voru fjölbættar en algengastar voru þær að viðkomandi mætti ekki í viðtöl eða á námskeið (37%) eða reyndist óvinnufær (27%). Alls falla 34% undir aðrar ástæður. Þær eru m.a. að einstaklingur flutti úr sveitarfélaginu, fór í þjónustu hjá Intellecta, fór í annað greiðslukerfi (TR, Fæðingarorlofssjóð (FOS), VMST o.fl.), þ.e. viðkomandi er ekki lengur á fjárhagsaðstoð. Þess má geta að aðeins 2% einstaklinga var vísað til baka vegna höfnunar á starfi.

Þeim einstaklingum sem vísað er aftur til þjónustumiðstöðvar vegna þess að þeir mæta ekki í viðtöl eða á námskeið er oft vísað aftur til VMST með nýrri tilvísun.


Ástæður þess að einstaklingum er vísað aftur til þjónustumiðstöðvar



Ef skoðuð er framfærsla þeirra sem hættu í þjónustu (133 einstaklingar) kemur í ljós að 40% þeirra er á fjárhagsaðstoð nú (57 einstaklingar) og 18% eru með fullar tekjur af starfi. Óvíst er með framfærslu 22% einstaklinga. Þeir eru hvorki í launuðu starfi né á fjárhagsaðstoð. Líkur eru á að þeir séu fluttir úr landi, í námi eða eru mögulega í svartri vinnu. Með atvinnuleysisbætur voru 7% og undir aðra framfærslu falla 13% einstaklinga. Þeir eru þá með framfærslu úr sjúkrasjóði, TR, FOS, lífeyrissjóði, í starfi með uppbót o.fl.

Það kann að koma á óvart að aðeins um 40% þeirra sem vísað er til baka eða hætta í þjónustu VMST séu enn á fjárhagsaðstoð þegar þessi skýrsla er tekin saman. Þess má geta að þeir sem hætta á fjárhagsaðstoð vegna þess að þeir eru fluttir burt úr sveitarfélaginu eða eiga rétt í öðru kerfi eru flokkaðir með þeim sem vísað er til baka til þjónustumiðstöðvar. Þá er það algengt þegar verið er að bjóða atvinnuleitendum starf, boða á námskeið eða í úræði að þeir tilkynni að þeir séu komnir með starf. Þetta getur skýrt að hluta þá staðreynd að ekki sé hærra hlutfall á fjárhagsaðstoð af þeim sem vísað er til baka til félagsþjónustunnar (m.v. 10. janúar 2017).


Staða þeirra sem vísað var til baka á þjónustumiðstöðvar 2016  
(10. janúar 2017)



## Starf og nám

Alls fóru 236 einstaklingar í starf á árinu 2016 og fjórir í nám. Til samanburðar fóru 262 í starf og 6 í nám á árinu 2015. Í starf á almennan vinnumarkað fyrir tilstilli VMST fóru 233 einstaklingar árið 2016. Þar af voru gerðir 29 starfsþjálfunarsamningar. Árið 2015 fóru 193 á í starf á almennan markað og þar af var fjöldi starfsþjálfunarsamninga 49 talsins. Í starf hjá Reykjavíkurborg með milligöngu Atvinnumáladeildar borgarinnar (AMD) fóru þrjú einstaklingar í byrjun árs 2016 en fjöldinn var 70 einstaklingar árið 2015.

Fjöldi í störf og nám árin 2015 og 2016



## Framfærsla þeirra sem fóru í starf á árinu við árslok

Á mynd hér til hægri má sjá framfærslu þeirra 240 einstaklinga sem fóru í starf á árinu 2016 eins og staðan er miðað við 12. janúar 2017, en 67% þeirra sem fóru í starf án styrks eru með tekjur af starfi og 16% eru aftur komnir á fjárhagsaðstoð. Ekki er vitað hvar 8% einstaklinga hafa framfærslu. Þá eru nokkrir á atvinnuleysisbótum, í starfi með uppbót eða komnir á örorkubætur eða 9%.

## Starfþjálfunarsamningar

Alls voru gerðir 29 starfþjálfunarsamningar við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði samanborið við 49 árið áður. Starfþjálfunarsamningur felur í sér að atvinnurekandi fær greitt með ráðningu einstaklings í sex mánuði sem nemur upphæð fjárhagsaðstoðar. Markmið með starfþjálfunarsamningum er að liðka fyrir ráðningu og gefa atvinnuleitendum tækifæri til að fá þjálfun í starfi. Þetta úrræði nýtist því vel fyrir þá einstaklinga sem eiga hvað erfiðast með að fá starf á almennum vinnumarkaði. Starfþjálfunarsamningar vegna atvinnuleitenda með atvinnuleysistryggingar eru einnig færri á síðasta ári en árið 2015. Úrræðið nýtist einnig atvinnurekendum vel þar sem það dregur úr launakostnað fyrstu mánuðina meðan á þjálfun starfsmanns stendur. Svo virðist sem hagar atvinnurekanda sé betri í ár en 2015 þar sem þeir sækja ekki eins mikið í þetta úrræði en eru að ráða fólk án þessa stuðnings.


Starfþjálfunarsamningar vegna atvinnuleitenda með atvinnuleysistryggingar eru einnig færri á síðasta ári en árið 2015. Úrræðið nýtist einnig atvinnurekendum vel þar sem það dregur úr launakostnað fyrstu mánuðina meðan á þjálfun starfsmanns stendur. Svo virðist sem hagar atvinnurekanda sé betri í ár en 2015 þar sem þeir sækja ekki eins mikið í þetta úrræði en eru að ráða fólk án þessa stuðnings.

## Atvinnumáladeild Reykjavíkurborgar (AMD)

Þrír einstaklingar fóru í starf á vegum Atvinnumáladeildar Reykjavíkurborgar (AMD) snemma árs áður en sú eining var lögð niður. Alls hófu 70 einstaklingar í starf hjá borginni fyrir milligöngu AMD á árinu 2015. Um var að ræða tímabundin störf í sex mánuði.

Samantekið er staðan sú að af þeim 240 einstaklingum sem fóru af fjárhagsaðstoð hjá borginni í starf á árinu 2016 eru 67% þeirra enn í starfi í janúar 2017 og 16% eru aftur komnir á fjárhagsaðstoð. Í starfi með uppbót frá Velferðarsviði eru 2%, með atvinnuleysisbætur eru 3% og með aðra framfærslu flokkast 4%. Undir aðra framfærslu flokkast bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkra- og eftirlaunasjóðum, eða fæðingarorlofssjóði. Svo er hópur sem ekki er vitað hvar hefur framfærslu sína nú (8%), en mögulega gætu einhverjir verið erlendis.

Staða þeirra sem fóru í starf árið 2016




## Árangur eftir aldurshópum

### 18 til 30 ára

Heildarfjöldi atvinnuleitenda á aldrinum 18 til 30 ára voru 176 talsins. Rúmlega helmingur þeirra fór í starf eða 101 einstaklingur (57%) og 23 einstaklingar (13%) héldu áfram í þjónustu á árinu 2017. Fjöldi þeirra sem hættu í þjónustu eða var vísað til baka til þjónustumiðstöðvar var 52 (30%).

Helstu ástæður þess að einstaklingar í þessum aldurshópi hættu í þjónustu eða var vísað til baka voru: Mætti ekki úrræði 27 einstaklingar (52%), óvinnufærni 13 einstaklingar (25%), og vegna annarra ástæðna var 12 einstaklingum (23%) vísað til baka, oftast vegna flutninga úr sveitarfélaginu.

Heildarárangur af þjónustu við aldurshópinn 18-30 ára 2016



**Ef aðeins eru skoðaðir þeir einstaklingar sem gátu eða vildu nýta sér þjónustu VMST á árinu 2016 í aldurshópnum 18-30 ára (124 einstaklingar) kemur í ljós að;**


**81% þeirra fóru í starf**  
og  
**19% héldu áfram í þjónustu**  
á árinu 2017

### 31 til 50 ára

Atvinnuleitendur í aldurshópnum 31 til 50 ára voru 233 talsins. Af þeim fóru 124 einstaklingar í starf (53%), 57 einstaklingum vísað til baka til þjónustumiðstöðvar úr þeim aldurshópi (25%) og héldu 52 atvinnuleitendur áfram í þjónustu á árinu 2017 (22%).

Helstu ástæður þess að einstaklingar í þessum aldurshópi hættu í þjónustu eða var vísað til baka voru: Mætti ekki úrræði 24 einstaklingar (42%), óvinnufærni 14 einstaklingar (25%) og vegna annarra ástæðna hættu 19 einstaklingar (33%) í þjónustu oftast vegna flutninga úr sveitarfélaginu

Heildarárangur af þjónustu við aldurshópinn 31-50 ára 2016



eða viðkomandi átti ekki lengur rétt á fjárhagsaðstoð. Þess má geta að aðeins einn einstaklingur úr þessum aldurshópi hafnaði starfi.

**Ef aðeins eru skoðaðir þeir einstaklingar sem gátu eða vildu nýta sér þjónustu VMST á árinu 2016 í aldurshópnum 31-50 ára (176 einstaklingar) kemur í ljós að;**

**70% þeirra fóru í starf**  
og  
**30% héldu áfram í þjónustu**  
á árinu 2017


### 51 til 70 ára

Atvinnuleitendur á aldrinum 51 til 70 ára voru 60 talsins. Af þeim fóru 15 einstaklingar í starf (25%), 24 einstaklingar hættu í þjónustu eða var vísað aftur til baka til þjónustumiðstöðvar (40%) og 21 einstaklingur (35%) héldu áfram í þjónustu á árinu 2017.

Helstu ástæður þess að einstaklingum í þessum aldurshópi var vísað aftur til þjónustumiðstöðva voru: Vegna annarra ástæðna var 49% vísað til baka (18 einstaklingar), oftast vegna flutninga úr sveitarfélaginu eða það þótti fullreynt að viðkomandi fengi starf, óvinnufærni 34% (12 einstaklingar), mætti ekki úrræði 11% (4) og tveir höfnuðu starfi.

Af 60 atvinnuleitendum í aldurshópnum 51 til 70 ára, voru 36 sem nýttu sér þjónustu VMST að fullu. Af þeim fóru 15 í starf á árinu 2016 eða 42%. Alls hélt 21 einstaklingar (58%) áfram í þjónustu á árinu 2017.

Heildarárangur af þjónustu við aldurshópinn 51-70 ára 2016



**Ef aðeins eru skoðaðir þeir einstaklingar sem gátu eða vildu nýta sér þjónustu VMST á árinu 2016 í aldurshópnum 51-70 ára (36 einstaklingar) kemur í ljós að;**

**42% þeirra fóru í starf**  
og  
**58% héldu áfram í þjónustu**  
á árinu 2017

## Lokaorð

Samstarfið við þjónustumiðstöðvar borgarinnar á árinu 2016 var eins og best verður á kosið. Upplýsingum var miðlað á greiðan og öruggan máta og funduðu tengiliðir VMST og virkniráðgjafar þjónustumiðstöðva borgarinnar reglulega þar sem farið var yfir mál einstaklinga í þjónustu. Haldinn var sameiginlegur fundur með öllum virkniráðgjöfum og ráðgjöfum VMST í febrúar þar sem farið var yfir árangur af starfi ársins á undan og almennt um samstarfið milli þessara kerfa. Þá fundaði samráðshópur, sem skipaður er fulltrúum frá Velferðarsviði borgarinnar og VMST um það bil einu sinni í mánuði og fór yfir stöðu verkefnisins.

Undanfarin ár hefur byggst upp þekking og reynsla í ráðgjöf og vinnumiðlun við einstaklinga á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Þessi hópur á oft erfiðara uppdráttar á vinnumarkaði og hefur oftast verið lengi frá vinnu. Þjónustan í heild er orðin markvissari, skilvirkari og um leið árangursríkari. Ráðgjafar vinna á samræmdan hátt en þó er um einstaklingsmiðaða þjónustu að ræða, þar sem tekið er mið af stöðu atvinnuleitandans og hvar styrkleikar hans liggja. Það getur tekið mislangan tíma að virkja einstaklinginn, efla sjálfstraust og oft á tíðum vilja til að stíga út á vinnumarkaðinn aftur. Ráðgjafar hafa lagt sérstaka alúð í þetta verkefni og sýnt mikla útsjónarsemi í að útvega störf sem henta hverjum og einum.

Árangur ársins 2016 er góður og fór á vissan hátt fram úr væntingum. Þegar Atvinnuáttakadeild var lögð niður höfðu ráðgjafar áhyggjur af því að erfiðara yrði að finna störf fyrir þá atvinnuleitendur sem höllustum fæti standa. Þær áhyggjur hafa að mestu verið óþarfar en þó er ákveðinn hópur sem gengur erfiðlega að finna störf fyrir. Það eru einstaklingar sem glíma við andlega vanheilsu eða eiga við einhverskonar erfiðleika að glíma. Þá hefur fjöldi flóttamanna sem koma í þjónustu aukist talsvert og hafa ráðgjafar verið að feta sig áfram í ráðgjöf við þá. Sumpart þarf öðruvísi nálgun þar sem menningarmunur getur verið mikill. Í heildina hefur þó gengið mjög vel að aðstoða flóttmenn í vinnu.

Framboð af störfum hefur aukist mikið en það sem skiptir sköpum fyrir flesta að mati ráðgjafanna sem sinna þessum hópi er sú virkni sem einstaklingurinn þarf að sinna og virkar sem hvati til að takast á við vinnu á ný. Því fyrr sem einstaklingi er vísað í markvissa þjónustu og virkni því betri verður árangurinn. Eins og segir í útdrætti þá tók það, þá atvinnuleitendur sem nýttu sér þjónustu VMST á árinu 2016, að meðaltali 105 daga að fá starf frá því tilvísun barst þar til viðkomandi var kominn í starf. Á árinu 2015 tók það að meðaltali 79 daga. Þessi niðurstaða staðfestir mat ráðgjafa að þeir einstaklingar sem komu í þjónustu á árinu 2016 hafi átt erfiðara uppdráttar en árið á undan þar sem eftirspurn eftir vinnuafli er vaxandi.

Ráðgjöf við þennan hóp er krefjandi en er um leið gefandi og lærdómsríkt starf. Starfsmenn Vinnuáttakstofnunar hlakka til áframhaldandi samstarfs við Velferðarsvið borgarinnar á árinu 2017.